

Pycnogonids

Sækóngulær

Pycnogonids eða sækóngulær teljast til fylkingar liðdýra (*arthropoda*) í undirfylkingunni klóskerar (*chelicerata*).

Tegundir sækóngulóa eru til í um þúsund útfærslum/tegundum og eru litaafbrigði þeirra misjöfn eins og þau eru mörg en flestar þeirra eru fölar/litlausar og svo eru til afbrigði sem eru græn, gul, rauð fjólublá ofl.

Útbreiðsla þeirra mikil bæði hvað svæði varðar svo og dýpi. Heimkynni sækóngulóa verður því að teljast um allann heim.

Kviður sækóngulóa er frá 1mm til 10 mm og langir, grannir útlimir ganga út úr kviðnum. Þó að yfirleitt séu sækóngulær frekar litlar eru til dæmi um einhver afbrigði sem eru stærri tam. hafa veiðst tegundir við Antartíku þar sem fótur kóngulóa hefur mælst 70 cm, sækóngulær eru yfirleitt með 4 útlímipör en þó eru afbrigði með 5 og 6 útlímipörum vel þekkt.

Sækóngulær eru flestar rándýr og una hag sínum best á botni sjávar þe. Þær eru botndýr og er algengt að þær finni sér fylgsni undir steinum/grjóti.

Helsta fæða sækóngulóa er td. holsepi (*polyp*), mosadýr (*bryozoa*), kóral (*Anthozoa*), burstaormar (*polychaeta*) og svampdýr (*porifera*). Sækóngulær bryðja fæðuna með kokinu/kverkunum. Sækóngulær eru einkynja dýr.

Blóðrásar og taugakerfi sækóngulóarinnar er lítið og einfalt eins og stærð hennar gefur tilefni til, hjartað dælir blóðinu um baklæga æð og í blóðhol, og taugakerfið er með kviðlægann taugastreng líkt og hjá öðrum klóskerum.